

Tillaga til þingsályktunar

um markvissa öflun gagna um líðan, velferð og efnahag eldra fólks.

Flm.: Ingibjörg Isaksen, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Halla Signý Kristjánsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Lilja Rannveig Sigurgeirs dóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson, Inga Sæland, Jakob Frímann Magnússon, Ásthildur Lóa Þórssdóttir, Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Tómas A. Tómasson, Oddný G. Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela félags- og vinnumarkaðsráðherra að útbúa mælaborð með það að markmiði að halda utan um og safna tölfræðilegum upplýsingum um líðan, velferð og efnahag eldra fólks og ná þannig fram heildarmynd af almennri stöðu aldraðra í samfélagini svo hægt sé að forgangsraða verkefnum sem brýnt er að takast á við.

Greinargerð.

Breytingar í aldursamsetningu þjóðarinnar er ein af stóru áskorunum íslensks samfélags. Fjöldi eldra fólks eykst og hlutfall aldraðra af heildarmannfjölda fer ört hækkandi á næstu árum og áratugum. Samfélagið þarf að vera tilbúið til þess að takast á við þennan sístækkandi hóp eldra fólks með það að markmiði að bregðast rétt við til að sem flestum einstaklingum í hópnum farnist sem best. En til að hægt sé að bregðast réttilega við þarf að byggja á upplýsingum og staðreyndum um stöðu, líðan og velferð eldra fólks svo ákvarðanir á hverjum tíma skili sér í eflingu lífsgæða aldraðra. Sem liður í því að endurskoða félagslega umgjörð barna á Íslandi þróaði Kópavogsþær mælaborð í samstarfi við UNICEF og félagsmálaráðuneytið í tengslum við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefnið barnvænt sveitarfélag. Markmiðið með mælaborðinu var að halda utan um helstu tölfræðigögn er varpa ljósi á líðan, velferð og réttindi barna á Íslandi. Mælaborðið hefur hlotið mikið lof og sýnt að það varpar góðu ljósi á stöðu barna á Íslandi. Flutningsmenn telja að horfa megi til þess mælaborðs og útbúa sérstakt mælaborð sem hefur það að markmiði að kortleggja líðan, stöðu og velferð aldraðra.

Í dag liggja ekki fyrir markvissar, samræmdar og tímanlegar upplýsingar um líðan, stöðu og velferð eldra fólks á hverjum tíma. Önnur lönd hafa sum hver sett upp rafræn mælaborð eða gagnvirkar heimasíður sem birta tölfræði um ýmsa þætti er varða eldra fólk, velferð þess og líðan. Meðal þess sem slíkar upplýsingaveitir varpa ljósi á eru fjöldatölur, kynjahlutfall í hverjum aldurshópi, hve margir búa einir eða með öðrum, í eigin húsnæði eða leigu húsnæði, fjöldi og aldur þeirra sem leita á bráðamóttökur, fjöldi þeirra sem fá tiltekna aðstoð eða þjónustu hjá sveitarfélagi sínu og svo mætti lengi telja. Flutningsmenn telja mikilvægt að þessar upplýsingar séu teknar saman og settar fram með samræmdri framsetningu í rafrænu mælaborði. Með mælaborði sem þessu má svo greina líðan og velferð eldra fólks og ná fram heildarmynd af almennri stöðu aldraðra í samfélagini með það að markmiði að beina sjónum stjórvalda að þeim verkefnum sem brýnt er að takast á við og forgangsraða hverju sinni.

Flutningsmenn telja að með nýju rafrænu mælaborði um líðan og velferð aldraðra mætti gera ráð fyrir að almenningur, notendur og stjórnvöld hafi betra aðgengi að raunupplýsingum um það sem er að gerast og hvað kallar á rétta úrlausn samfélagsins á hverjum tíma.